



# 5. bekkur

2022- 2023

Handbók/námsáætlun



Flataskóli

# Efnisyfirlit

Kennarar árgangsins .....	3
Sýn kennsluteymis á starfið í árganginum.....	3
Námsmenningin sem við ætlum að skapa .....	3
Svona birtast einkunnarorð skólans í starfinu.....	3
Lýsing á starfinu í árganginum.....	3
Skipulag kennslunnar .....	4
Helstu viðfangsefni nemenda.....	4
Náms og skemmtiferðir.....	4
Vinabekkir.....	4
Fjöldi nemenda og hópaskiptingar .....	4
Samskipti kennara við foreldra.....	4
Heimanám .....	4
Skólasókn og viðbrögð.....	5
Fleiri upplýsingar á heimasíðu.....	5
Námsáætlun skólaársins.....	6
Hæfnimiðað nám.....	6
Námsmat .....	6
Námsáætlun .....	7

## Kennarar árgangansins

Umsjónarkennarar bera meginábyrgð á námi og líðan nemenda í skólanum og því eru foreldrar ávallt beðnir um að hafa fyrst samband við þá ef áhyggjur vakna.

Nafn	Staða/ kennslugrein
Elísabet Blöndal	Umsjónarkennari
Hanna Björg Liljudóttir	Umsjónarkennari
Margrét Tómasdóttir	Umsjónarkennari
Hannes Ingi Geirsson	Íþróttir/sund
Jón Bjarni Pétursson	Íþróttir
Atli Jóhannesson	Íþróttir/sund
Margrét Indíana Guðmundsdóttir	textílmennt
Linda Þorvaldsdóttir	myndmennt
Jóhanna G Ólafsson	heimilisfræði
Sigrún Waage	sviðslist
Rut Inga Blandon	smíði/samfélagsfræði
Íris Björk Baldursdóttir	sérkennari

## Sýn kennsluteymis á starfið í árganginum

Markmið okkar í vetur er að skapa jákvætt andrúmsloft þar sem virðing, traust og öryggi ríkir. Við viljum ýta undir sjálfstæði nemenda og trú þeirra á eigin getu, vilja þeirra á að hafa sjálfstæðar hugsanir og þor til að tjá sig um þær. Til að ná þessum markmiðum leggjum við áherslu á jákvætt hugarfar, þrautseigju og traust, bæði milli nemenda og kennara sem og milli nemendanna sjálfra. Við slíkar aðstæður skapast andrúmsloft þar sem er í lagi að gera mistök en við teljum námstækifæri felast í því. Við trúum því að allir nemendur geti lært og náð árangri á sínum forsendum.

### ***Námsmenningin sem við ætlum að skapa***

Til þess að ná fram andrúmslofti þar sem virðing, traust og öryggi ríkir ætlum við að halda vikulega stofufundi þar sem málefni sem brenna á nemendum eru rædd og sameiginlega unnið að lausnum meðal annars með tilliti til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Til þess að efla sjálfstæði og metnað nemenda ætlum við að hafa hæfniviðmið og námsmarkmið sýnileg þannig að nemendur viti að hverju er stefnt hverju sinni. Við viljum hvetja nemendur til að hafa áhrif á eigið nám með því að skipuleggja vinnuna sína og hafi val um fjölbreyttar námsleiðir. Með því teljum við að þau efli sjálfstæði sitt og sköpun.

### ***Svona birtast einkunnarorð skólans í starfinu***

Menntun – árangur – ánægja

Forsenda náms er líðan, áhugi og ánægja nemenda. Markmiðið er að nemendur vinni fjölbreytt verkefni sem höfða til þeirra, hlutbundin og skapandi verkefni og verkefni sem kalla á ígrundun og

tengjast áhugasviði. Með því ná þeir árangri auk þess að tileinka sér ákveðna leikni, þekkingu og færni.

## Lýsing á starfinu í árganginum

### ***Skipulag kennslunnar***

Í skólastarfinu verður lögð áhersla á að virkja nemendur til þátttöku og ábyrgðar á eigin námi, meðal annars með því að bjóða upp á val um viðfangsefni og úrlausn verkefna. Kennar verður út frá hæfniviðmiðum þar sem samþætting námsgreina og fjölbreyttir kennsluhættir verða hafðir að leiðarljósi. Nemendur vinna fjölbreytt verkefni, ýmist einstaklings-, para- eða hópverkefni þar sem styrkleikar hvers og eins fá að njóta sín.

### ***Helstu viðfangsefni nemenda***

Allir nemendur hafa afnot af Chromebook fartölvu sér merktri þeim í skólanum í vetur. Upplýsingatækni verður því stór þáttur í námi barnanna, þvert á námsgreinar og viðfangsefni. Þá verður lögð áhersla á bekkjar- eða stofufundi, samvinnu og umræður í árganginum.

### ***Náms og skemmtiferðir***

Á skólaárinu verður nærumhverfi skólans nýtt til útikennslu og tengt við námsefnið. Þar að auki verður farið í ferðir á söfn og aðra áhugaverða staði sem tengjast námsefninu hverju sinni.

### ***Vinabekkir***

Leikskóladeildin er vinabekkur 5. bekkjar. Í vetur koma nemendur til með að hitta vinabekkin sinn reglulega, fara í gönguferðir og leika saman.

### ***Fjöldi nemenda og hópaskiptingar***

Í nemendahópnum eru 54 nemendur og þeim er skipt í þrjá námshópa. Námshópnum verður skipt upp reglulega yfir skólaárið. Nemendum er einnig skipt í mismunandi hópa í smiðjum, sundi, fjölvali og hringekju.

## Samskipti kennara við foreldra

Markmið með góðum samskiptum á milli kennara og foreldra er að skiptast á upplýsingum um nám, líðan og hagi nemenda. Á fimmtudögum verða sendir tölvupóstar með upplýsingum um liðna viku og það sem á döfinni er Foreldraviðtöl eru að jafnaði tvisvar sinnum á vetri en oftar ef þörf er á. Umsjónarkennarar munu hafa samband með tölvupósti eða símleiðis eftir atvikum. Óskað er eftir að skilaboð berist fyrir kl. 8:30 á morgnana en ekki er hægt að treysta á að kennari sjái tölvupósta sem berast eftir þann tíma fyrr en eftir kennslu. Kennarar svara almennt ekki í farsíma eða taka við skilaboðum í síma meðan á kennslu stendur. Ef málið þolir ekki bið er hægt að óska eftir símtali eða fundi með milligöngu ritara. Heimsóknir foreldra í skól stofur skulu ávallt vera í samráði við kennara.

### ***Heimanám***

Heimanám verður í formi heimalestrar og tengdra verkefna. Nemendur skrá heimalestur og vinna verkefni í rafrænu skjali í gegnum Google Classroom námsumhverfið. Foreldrum/forráðamönnum verður einnig boðin aðgangur að svæði barna sinna inni í námsumhverfinu. Í undantekningar tilvikum munu nemendur taka annað heimanám heim í lok skólaviku.

## Skólasókn og viðbrögð

Garðabær hefur sett fram ferla vegna ófullnægjandi skólasóknar nemenda, sjá mynd hér fyrir neðan. Þetta eru þeir ferlar sem við fylgjum í Flataskóla.

**Ófullnægjandi Skólasókn**

Í grunnskólum Garðabæjar er mánaðarleg greining á forföllum allra nemenda önnur en langtímaveikindi.

Þegar grunur vaknar um skólasóknarvanda/skólaforðun nemanda skal bregðast við með viðeigandi hætti með það að leiðarljósi að veita stuðning.

Ósamfelldar fjarvistir	Veikindi/leyfi
<b>2-7 fjarvistir</b> Umsjónarkennari ræðir við nemanda og aðstandendur hans.	<b>10 dagar eða fleiri</b> Umsjónarkennari hefur samband við aðstandendur. Áætlun um námsframvindu unnin í sameiningu.
<b>8-14 fjarvistir</b> Fundur með umsjónarkennara, nemanda, aðstandendum og skólustjórnanda ef ástæða þykir til.	<b>15 dagar eða fleiri</b> Umsjónarkennari upplýsir skólustjórnendur um stöðu mála, hefur samband við aðstandendur og gerir áætlun um námsframvindu.
<b>15-20 fjarvistir</b> Málið er vísað til smærðu í nemendaverndarráði.	<b>20 dagar eða fleiri</b> Skólustjórnandi boðar aðstandendur til fundar og vísar málinu til umfjólunar í nemendaverndarráði.
<b>21 eða fleiri fjarvistir</b> Tilkynning send til barnaverndar sem boðar til fundar með viðeigandi aðilum.	<b>Engin breyting til batnaðar á skólasókn</b> Tilkynning send til barnaverndar sem boðar til fundar með viðeigandi aðilum.

Skólum er heimilt að óska eftir vottorði læknis vegna veikinda hvenær sem er í ferlinu. Upplýsingar um verkferla grunnskóla Garðabæjar varðandi skólasókn má finna á vefsíðum skólanna.



## Fleiri upplýsingar á heimasíðu

Upplýsingar sem eiga við um alla árganga skólans er að finna á heimasíðu skólans og í starfsáætlun skólaársins, sjá flataskoli.is Hér fyrir neðan eru slóðir á nokkur atriði.

[Starfsáætlun Flataskóla](#)

[Skóladagatal](#)

[Tilkynningar um forföll nemenda](#)

[Upplýsingar um skráningu í hádegismat](#)

[Viðmið Flataskóla um samskipti heimila og skóla](#)

[Tilkynningar vegna gruns um samskiptavanda/einelti](#) (barna undir er einnig að finna fleiri eyðublöð svo sem umsóknir um leyfi nemenda).

## Námsáætlun skólaársins

### **Hæfnimiðað nám**

Í hæfnimiððu námi er unnið að því að nemendur tileinki sér þá hæfni sem stefnt er að. Til að svo megi verða þurfa þau viðfangsefni sem nemendur fást við að stuðla að því. Með því að skoða hæfniviðmið aðalnámskrár gaumgæfilega má sjá hvaða viðfangsefni nemendur þurfa að fást við til að öðlast þá hæfni sem hæfniviðmiðið lýsir. Hæfniviðmið eru sett fram í aðalnámskrá grunnskóla og unnið er með sömu hæfniviðmið í 3-4 ár.

Þegar kennsla er skipulögð er mikilvægt að hún sé tengd hæfniviðmiðum, námsmarkmið séu skýr og viðmið um árangur einnig. Nemendur þurfa að fá endurgjöf á vinnu sína sem hjálpar þeim að ná því sem vantar upp á svo þeir nái þeirri hæfni sem að er stefnt.

Það fyrsta sem ákveðið er hvaða hæfniviðmiðum nemendur eiga að stefna að á tilteknu tímabili og síðan er skoðað hvaða viðfangsefni nemendur þurfa að fást við, hver námsmarkmiðin með vinnunni eru og síðan hugað að þeim leiðum sem farnar verða og hvar og hvernig er metið hvort nemendur hafa náð hæfninni sem stefnt var að. Námsmarkmið og það hvar og hvernig verkefni eru metin birtist í verkefnum nemenda sem verða sýnileg inni í Mentor. Áætlunin sem hér birtist á við um allt skólaárið en henni verður síðan dreift á tímabil inni í Mentor.

Þegar nemendur stefna að tiltekinni hæfni þurfa þeir að fá tækifæri til að sýna fram á hæfni sína á fjölbreyttan hátt. Nemendur geta tekið þátt í því að ákveða hvernig þeir vilja sýna fram á hæfni sína og haft þannig enn virkari áhrif á eigið nám.

### **Námsmat**

Öll birting og utanumhald námsmats er inni í Mentor sem er kerfi sem gerir skólum kleift að halda utan um nám og kennslu og birta foreldrum. Þar geta foreldrar fylgst með námsframvindu barna sinn á svokölluðum hæfnikortum og fengið upplýsingar í gegnum vef eða smáforrit í síma um leið og nýtt námsmat hefur verið skráð.

Kennarar gera námsáætlanir þar sem hæfniviðmið aðalnámskrá koma skýrt fram ásamt því hvernig gera á nemendum kleift að ná þeirri hæfni og hvar og hvernig það verður metið.

Kennarar búa til "námslotur" í Mentor sem ná yfir tiltekin tímabil. Við hverja námslotu tengja þeir þau hæfniviðmið sem unnið verður með og metin eru í lok lotunnar. Námslotur tengjast þeim námssviðum eða viðfangsefnum sem unnið er með hverju sinni.

Nemendum verður aðeins gefið lokamat við lok 4. og 7. bekkjar.

Leiðsagnarmati verðu beitt markvisst í námsferlinu.

[Hér er að finna nánari útskýringar á námsmati skólans og hvernig það er uppbyggt, unnið er mað það og það er birt.](#)

## Námsáætlun

Íslenska		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar.	Tjáning og framsögn	Koma fram fyrir framan samnemendur, lesið ljóð eða sögur og kynnt efni.
Tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum.	Umræður	Geti hlustað, tekið þátt í umræðum og mynda sér skoðanir á fundum.
Átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi.	Umræður	Geti hlustað, tekið þátt í umræðum og mynda sér skoðanir á fundum.
Lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað.	Lestur	Heimalestur og yndislestur. Lesa fjölbreyttan texta í skóla og unnið með hann.
Lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur, ljóð, og bókmenntir ætlaðar börnum og unglingum.	Bókmenntir	Nemendur lesa og vinna með fjölbreytta bókmenntatexta.
Aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna, lagt nokkurt mat á gildi og trúverðugleika upplýsinga.	Upplýsingaöflun	Leitað að heimildum á bókasafni og á netinu.
Valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju.	Val á lesefni	Geti nýtt sér bókasafn til að velja sér fjölbreytt lesefni.
Samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa.	Skapandi skrif	Nemendur skrifa sögur, frásagnir og tjá hugmyndir sínar. Lesu upp verk sín og deila með öðrum.
Notað allríkulegan orðaforða í ræðu og riti, gert sér grein fyrir margræðni orða og nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun, tal og ritun.	Orðaforði og orðmyndun	Nemendur lesi texta og skrifi hjá sér orð sem þeim finnst flókin. Nemendur finna orð þar sem sama orðið hefur mismunandi merkingu.
Nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum	Að nota orðabækur og aðra gagnabrunna	Nemendur þjálfast í að nýta orðabækur og aðra gagnabrunna tengdum

gagnabrunnum um mál.		tungumálinu.
Beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar og gert sér grein fyrir fjölbreytileika málsins.	Setningamyndun	Nemendur skoði setningar og átti sig á því hvernig þær eru uppbyggðar. Nemendur vinna með stök orð og raða þeim upp í setningar.

<b>Stærðfræði</b>		
<b>Hæfniviðmið</b>	<b>Viðfangsefni</b>	<b>Leiðir</b>
Leyst stærðfræðiþrautir um viðfangsefni sem gefa tækifæri til að beita innsæi, eigin túlkun og framsetningu, byggða á fyrri reynslu og þekkingu.	Rökhugsun, samvinna og umræður.	Nemendur leysa þrautir og verkefni, ýmist einir, í þorum eða hópum.
Sett sig inn í og tjáð sig, bæði munnlega og skriflega, um ólíkar leiðir við lausnir stærðfræðiverkefna.	Rökhugsun, samvinna og umræður.	Nemendur leysa þrautir og verkefni, ýmist einir, í þorum eða hópum.
Valið og notað hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölvur, til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum.	Notað og valið fjölbreytt gögn og nýtt í stærðfræði	Nemendur þjálfast í að nýta fjölbreytt hjálpargögn.
Undirbúið og flutt kynningar á eigin vinnu með stærðfræði.	Kynning á stærðfræðiverkefnum	Nemendur kynna verkefni og niðurstöður einstaklingslega eða í hópum.
Nýtt sér samhengi og tengsl reikniaðgerðanna og notað algengar reiknireglur, s.s. víxlreglu, tengireglu og dreifireglu.	Reiknireglur og rökhugsun	Nemendur skoða samhengi og tengsl reikniaðgerða og nýta í margvíslegum verkefnum.
Rannsakað og greint tvívíð og þrívíð form, teiknað einfaldar flatar- og þrívíddarmyndir, speglað, snúið og hliðrað flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum sem þekja flötinn. Safnað og unnið úr gögnum, miðlað upplýsingum um þau, m.a. með töflum og myndritum.	Form, flutningar og horn.	Nemendur vinna með tví- og þrívíð form og kynnast grunnhugtökum hornafræði, ýmist hlutbundið eða óhlutbundið.
Gert einfaldar tölfræðirannsóknir og dregið einfaldar ályktanir af þeim.	Myndrit, töflur og talning.	Nemendur safna gögnum og vinna úr þeim á fjölbreyttan hátt.



Enska		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi og efni sem tengist viðfangsefnum námsins og nýtt sér í ræðu og riti.	Skilningur, túlkun og yfirfærsla	Nemendur horfa á og lesa viðtöl og samtöl. Nemendur taka viðtöl við hvert annað. Nemendur tala saman á ensku um ákveðin valin viðfangsefni.
Fundið lykilupplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu.	Lestur, málskilningur og túlkun	Nemendur lesa ólíkan texta eins og bækur, fréttir, viðtöl o.s.frv. og geta dregið út aðalatriðin.
Tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf.	Talað mál	Nemendur taka viðtöl við hvert annað.
Flutt einfalda, undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu og flutt tilbúið eða frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra.	Talað mál	Nemendur halda stuttar kynningar um áhugamál sín og námsefnið.
Skrifað texta af mismunandi gerðum, með stuðningi, t.d. gátlista og fyrirmynda og hagað máli sínu í samræmi við inntak og viðtakanda.	Ritun	Nemendur skrifa texta með stuðningi af glósum og gátlistum.
Tekið þátt í samvinnu um ýmiss konar viðfangsefni og sýnt öðrum tillitssemi.	Hópavinna	Nemendur vinna ýmis verkefni í hóp.
Nýtt sér algengustu hjálpartæki, s.s. uppflettirit orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélar.	Upplýsingasöfnun.	Nemendur læri að nýta sér ýmis verkfæri eins og orðabók af bókasafni eða á Netinu til þess að afla sér upplýsinga

<b>Náttúrufræði</b>		
<b>Hæfniviðmið</b>	<b>Viðfangsefni</b>	<b>Leiðir</b>
Framkvæmt og útskýrt einfaldar athuganir úti og inni.	Tilraunir	Framkvæma tilraunir og útskýra niðurstöður.
Útskýrt texta um náttúruvísindi sér til gagns og farið eftir einföldum, munnlegum og skriflegum leiðbeiningum.	Textaútskýring og fara eftir fyrirmælum.	Nemendur lesa texta og greina frá viðfangsefninu. Framkvæma athuganir með því að fara eftir skriflegum og munnlegum leiðbeiningum.
Aflað sér upplýsinga um náttúruvísindi úr efni á öðru tungumáli en íslensku.	Öflun upplýsinga	Horft á kennslu myndbönd bæði á íslensku og ensku. Lestur texta.
Beitt vísindalegum vinnubrögðum við öflun einfaldra upplýsinga innan náttúruvísinda og útskýrt ferlið.	Vísindaleg vinnubrögð	Nemendur framkvæma vísindatilaunir og fylgja ferli vísinda.
Sett fram og rætt niðurstöður athugana á skýran og skipulegan hátt.	Framsetning athugana samkvæmt ferli vísinda	Nemendur gera skrifleg skýrslu eða myndbandsskýrslu um tilraunir og kynna niðurstöður sínar.
Hlustað á, metið og rætt hugmyndir annarra.	Umræða um niðurstöður	Nemendur vinna verkefni bæði einstaklingslega og í hóp. Kynna niðurstöður sínar í hópnum og taka þátt í umræðum um verkefni sín og annarra.

<b>Samfélagsfræði</b>		
<b>Hæfniviðmið</b>	<b>Viðfangsefni</b>	<b>Leiðir</b>
Gert grein fyrir einkennum og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu og sögu landsins, breytilegrar menningar, trúar og lífsviðhorfa.	Menning og landafræði	Nemendur kynna sér einkenni Íslands í landfræðilegu og sögulegu samhengi. Einstaklings-, para- og hópavinna.
Aflað sér, metið og hagnýtt upplýsingar um menningar og samfélagsmálefni í margvíslegum gögnum og miðlum.	Upplýsingaöflun	Nemendur nýta ýmis hjálpartæki til þess að afla sér upplýsinga s.s. námsbækur, net og bókasafn.
Áttað sig á hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á búsetu og lífsskilyrði.	Umræður	Nemendur ræða og kynna niðurstöður sínar
Gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum.	Lífsleikni	Hópefli og samvinna á stofufundum
Sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum og tímum.	Lífsleikni og umræður	Nemendur vinna og ræða verkefni.
Sett sér markmið og gert áætlanir við fjölbreytt viðfangsefni.	Lífsleikni og námstækni	Nemendur gera áætlanir um val og skil á verkefnum

Tekið þátt í samræðu um stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi og skyldur, sýnt ábyrgð í samskiptum og átti sig á réttindum sínum samkvæmt alþjóðasáttmálum.	Mannréttindi	Nemendur vinna ýmis verkefni tengd barnasáttmála sameinuðu þjóðanna.
Sýnt sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.	Lífsleikni, umræður og samvinna	Nemendur vinna saman í fjölbreyttum hópum og kynna niðurstöður fyrir öðrum.
Rætt um eigin athafnir og afleiðingar þeirra.	Lífsleikni	Hópefli og stofufundir

Sjónlistir		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Unnið hugmynd frá skissu að lokaverki bæði fyrir tví- og þrívíð verk. Beitt hugtökum og heitum sem tengjast aðferðum verkefna hverju sinni. Notað mismunandi efni, verkfæri og miðla á skipulagðan hátt í eigin sköpun.	Hugmyndavinna Hugtök Efni og verkfæri	Nemendur þjálfa sig í hugmyndavinnu með skissugerð á pappír en einnig að skissa í efni og læra að gera vinnuteikningu úr því. Læra að vinna eftir teikningunni og gera þrívíðan hlut. Þeir nota mismunandi efni og verkfæri til þess e.o tré, víra, álpappír, gífs, textílefnis og akrýlmálningu. Meðfram verkefninu nefnum við hugtök sem fylgja verkefninu og notum þau á viðeigandi hátt.

Heimilisfræði		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<b>Nemandi getur:</b>  -unnið sjálfstætt eftir uppskriftum og notað til þess algengustu mæli- og eldhúsháhold.  -tjáð sig um heilbrigða lífshætti og tengsl þeirra við heilsufar.  -nýtt ýmsa miðla til að afla upplýsinga er varða matreiðslu, næringarfræði og meðferð matvæla.	<b>Hvað í hæfniviðmiðinu er það sem nemandinn lærir</b>  -vinnur eftir einfaldri uppskrift. -notar mæliskeiðar og dl mál -notar rafmagnsþeytara  -tengsl næringar og hreyfingar við heilsufar  -nýta netmiðla.	<b>Hvernig gerir hann það?</b>  -Nemandi bakar köku þar sem hann vinnur eftir einfaldri uppskrift, notar mæliskeiðar, dl mál og rafmagnsþeytara.  -Nemandi lærir tengsl mataræðis og hreyfingar við heilsufar með því að vinna verkefni í vinnubók.  Nemandi lærir að nýta sér miðla til að vinna eftir með því að kynnast leiðum (til dæmis á netinu) til að finna

		uppskriftir og vinna eftir þeim.
--	--	----------------------------------

Smíði		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p>Valið og notað á réttan hátt helstu verkfæri og mælitæki.</p> <p>Útskýrt hugmyndir sínar með því að rissa upp málsetta vinnuteikningu.</p> <p>Lesið einfalda teikningu, smíðað eftir henni og unnið eftir hönnunarferli frá hugmynd að lokaafurð.</p> <p>Lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum.</p>	<p>Val og notkun verkfæra</p> <p>Skissa og vinnuteikning</p> <p>Hönnunarferli</p> <p>Endurnýting</p> <p>Vönduð vinnubrögð</p>	<p>Nemendur læra að gera skissur og vinnuteikningu þegar þeir hanna <b>persónu úr tré</b>. Nemendur þurfa að gera skissu að persónunni og hugmyndavinnu áður en þeir skila vinnuteikningu sem inniheldur mælingar og mál til kennara.</p> <p>Nemendur þjálfast í notkun og vali verkfæraf með því að þurfa að velja réttan bor fyrir <b>trépersónuna</b> sína, nota sandpappír til að gera hana áferðarfallega og tifsagir til að skera út aukahluti fyrir hana og saga niður púsluspil.</p> <p>Nemendur læra um hönnunarferlið þegar þeir þurfa að fylgja einfaldasta formi hönnunarferlis á trépersónunni sinni: hugmyndavinna – skissa – vinnuteikning – framkvæmd – lokaafurð.</p> <p>Nemandi lærir að meta góð vinnubrögð með því að meta eigið verk í samræmi við eigin getu og að skila ekki verkefni eingöngu til að klára. Betra er óklárað vandað verkefni en klárað flýttverkefni</p> <p><b>Persónan mín</b></p> <p><b>Púsluspil</b></p>

Textílmennt		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p>Beitt grunnaðferðum og áhöldum greinarinnar.</p> <p>Fjallað um efnisfræði og unnið úr fjölbreyttum textílefnum.</p> <p>Unnið með einföld snið og uppskriftir.</p> <p>Þróað eigin hugmyndir í textílverk og unnið eftir ferli.</p> <p>Útskýrt hagnýtt og fagurfræðilegt</p>	<p>Notkun á viðeigandi áhöldum og efnum.</p> <p>Unnið út frá leiðbeiningum</p> <p>Þekking á mismunandi textílefnum.</p> <p>Læra um textílverk, fagurfræði og gildi handverks</p>	<p>Nemendur gera krosssaumspúða og fá kynningu á mismunandi vefjarefnum.</p> <p>Þeir þjálfast í að sauma krosssaum í jafa eftir sýnikennslu og skriflegum leiðbeiningum.</p> <p>Nemendur sauma krosssauminn við annað efni og þjálfast í saumvélinni við að sauma púðann.</p> <p>Nemendur tjá sig um um handverkið sitt og fagurfræði í tengslum við það.</p>

gildi handverks og fjallað um fagurfræði í eigin verkum.		
--	--	--

Lykilhæfni		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Tjáð hugsanir sínar og tilfinningar skipulega og á viðeigandi hátt með ýmsum miðlum.	Tjáning	Umræður á stofufundum, vinna með upplýsingatækni, sjálfsmat og ígrundun.
Lært af mistökum og nýtt sér óvæntar niðurstöður við lausn verkefna á skapandi hátt.	Seigla	Nemendur fara yfir og meta eigin verkefni og gera áætlun um úrbætur í samráði við kennara.
Vegið og metið hvort aðferð við verkefnavinnu hafi borið árangur og tekið þátt í mótun og miðlun viðfangsefna á skapandi hátt.	Umræður, sjálfsmat.	Sjálfsmat og ígrundun.
Gert sér grein fyrir til hvers er ætlast í námi og skólastarfi og hagað námi sínu og störfum í samræmi við það.	Lífsleikni	Umræður og fjölbreytt verkefni sem hvetja nemendur til ábyrgðar á eigin námi
Gert sér grein fyrir styrkleikum sínum með það að markmiði að efla og byggja upp sjálfsmynd sína.	Lífsleikni	Nemendur vinna verkefni tengd eigin áhugasviði og hafa val um fjölbreyttar lausnaleyðir sem nýta styrkleika hvers og eins.
Notað margvíslegar upplýsingaveitur og hjálpartæki við öflun upplýsinga og til stuðnings við nám.	Upplýsingatækni	Nemendur nýta ýmsa miðla til upplýsingaöflunar við lausn verkefna.
Gert sér grein fyrir styrkleikum sínum og hvernig hann getur nýtt sér það í námi.	Lífsleikni	Sjálfsmat og áætlanagerð.
Sett sér markmið í námi og unnið eftir þeim.	Námstækni	Nemendur vinna verkefni þvert á námsgreinum og gera áætlanir um úrlausn þeirra.